

HANDBÓK RANNSÓKNASJÓÐS

MATSPÆTTIR

LEIÐBEININGAR FYRIR FAGRÁÐA OG YTRI
SÉRFRÆÐINGA

2024



Rannsóknasjóður

Efnisyfirlit

1	Leiðbeiningar til fagráðsmanna	1
1.1	Rafrænt matskerfi.....	1
1.2	Matsferlið	1
1.3	Fagráðsfundir.....	1
2	Leiðbeiningar til ytri sérfræðinga	2
2.1	Almennar upplýsingar.....	2
2.1.1	Útilokun ytri sérfræðinga	2
2.1.2	Vanhæfi	2
2.2	Ytri sérfræðingar – leiðbeiningar	2

1 LEIÐBEININGAR TIL FAGRÁÐSMANNA

Hlutverk fagráða Rannsóknasjóðs er að meta umsóknir sem berast sjóðnum út frá vísindalegu gildi verkefna, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi. Fagrád afgreiða hverja umsókn með skriflegri greinargerð og forgangsraða umsóknum á grunni hins faglega mats.

1.1 RAFRÆNT MATSKERFI

Fagráðsmenn fá aðgang að rafrænu matskerfi Rannsóknasjóðs. Þar er að finna allar umsóknir sem bárust fagráðinu, viðeigandi fylgigögn og matsblað fagráðs. Til að fá fullan aðgang að öllum gögnum þarf fagráðsmaður fyrst að samþykkja trúnaðaryfirlýsingu og merkja við vanhæfi gagnvart þeim umsóknum sem hann er vanhæfur til að fjalla um. Fagráðsmenn fá ekki aðgang að fylgiskjólum umsókna sem þeir eru vanhæfir til að meta.

1.2 MATSFERLIÐ

Umsóknum sem berast fagráði er skipt niður á fagráðsmenn. Þrjú lesarar innan fagráðsins eru skráðir á hverja umsókn en allir fagráðsmenn eru hvattir til að kynna sér allar umsóknir fagráðsins. Fyrsti lesari ber ábyrgð á að finna ytri sérfræðinga til að lesa umsóknina; að minnsta kosti tvo sérfræðinga fyrir umsóknir um verkefnisstyrki og að minnsta kosti þrjú fyrir umsóknir um öndvegisstyrki. Ekki er leitað álits ytri sérfræðinga á doktorsnemaumsóknum. Ytri sérfræðingar skulu vera starfandi utan Íslands. Við val á ytri sérfræðingum er stuðst við sérfræðipækkingu viðkomandi vísindamanns og birtingalista. Fyrsti lesari umsóknar gengur úr skugga um að ekki sé um vanhæfi að ræða milli umsækjanda og ytri sérfræðings. Ytri sérfræðingur þarf síðan að staðfesta að ekki sé um vanhæfi að ræða.

Þegar ytri sérfræðingur hefur samþykkt að lesa umsókn fær hann aðgang að vefgátt með öllum nauðsynlegum upplýsingum varðandi umsóknina. Hlutverk ytri sérfræðings er að veita umsögn sem fagrád hefur til hliðsjónar við mat umsóknarinnar. Þegar allar umsóknir hafa verið metnar af lesurum viðkomandi fagráðs eru skrifuð drög að umsögn fagráðsins. Fagráðið hittist síðan á fundi í húsakynnum Rannís. Umsækjendur fá senda

umsögn fagráðs þegar stjórn Rannsóknasjóðs hefur ákveðið úthlutun ársins.

Álit ytri sérfræðinga er ekki bindandi fyrir fagráðið um mat umsókna heldur til hliðsjónar. Þess vegna ræður álit ytri sérfræðinga ekki endanlegri niðurstöðu fagráðs.

1.3 FAGRÁÐSFUNDIR

Fyrir fagráðsfundi

Þrjú lesarar úr fagráðinu skrifa umsögn og mat á hverri umsókn í rafræna matskerfið. Með hliðsjón af umsögn lesara fagráðsins og áliti ytri sérfræðinga útbýr fyrsti lesari samantekt um styrkleika og veikleika þeirra umsókna sem hann er ábyrgur fyrir.

Á fagráðsfundum

Fagráðsmenn sem lýst hafa sig vanhæfa til að fjalla um umsókn yfirgefa fundarherbergið þegar viðkomandi umsókn er rædd og er það skjalfest í fundargerð sérfræðings fagráðs hjá Rannís. Á fagráðsfundum kynnir fyrsti lesari umsóknina, bakgrunn ytri sérfræðinga, álit þeirra og eigin umsögn. Að þessu loknu koma annar og þriðji lesari með sínar athugasemdir og fagráðið ræðir matið og gengur frá lokaumsögn. Umsögnin skal vera uppbyggileg og þannig úr garði gerð að umsækjandi hafi sem mest gagn af. Þegar fagráðið hefur rætt allar umsóknirnar er þeim forgangsraðað á grundvelli styrkleikaflokka. Einkunn er gefin í samræmi við heildarmat fagráðsins á umsókninni (sjá töflu 1).

Flokkur	Umsögn
A1	Framúrskarandi umsókn, nánast án veikleika
A2	Mjög sterk umsókn, léttvægir veikleikar
A3	Sterk umsókn en minni háttar veikleikar
B	Umsókn, með einn eða fleiri takmarkandi veikleika
C	Veik umsókn með meiri háttar veikleika eða á ekki heima í þessum sjóði

Tafla 1. Styrkleikaflokkar fagráða

Útbúinn er listi yfir hverja styrktegund fyrir sig og umsóknum raðað í flokkana þrjú: A (A1-A3), B og C. Undirflokkur A1 er ætlaður afburðaumsóknum.

Eftir fagráðsfundi

Formaður fagráðs staðfestir lokamat fagráðs og kynnir matsferli og niðurstöður fyrir stjórn Rannsóknasjóðs sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Umsagnir ytri sérfræðinga sem berast eftir fagráðsfundi en fyrir stjórnarfund eru ræddar af fagráðsmönnum í gegnum fjarfundabúnað. Einkunn umsóknar er staðfest eða breytt í samræmi við þá umræðu.

2 LEIÐBEININGAR TIL YTRI SÉRFRÆÐINGA

2.1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Hvert fagráð fyrir sig metur allar umsóknir sem berast fagráðinu og forgangsraðar byggt á umræðum fagráðs, með hliðsjón af álitum ytri sérfræðinga. Leitað er álitum a.m.k. tveggja ytri sérfræðinga um umsóknir um verkefnisstyrki, en a.m.k. þriggja ytri sérfræðinga um öndvegisstyrksumsóknir. Ekki er greitt fyrir vinnu ytri sérfræðinga.

2.1.1 ÚTILOKUN YTRI SÉRFRÆÐINGA

Í rafræna umsóknareyðublaðinu eiga umsækjendur kost á að tilgreina að ákveðnar ytri sérfræðingar gefi ekki álit sitt á umsókninni og ástæður þess. Þá verður ekki haft samband við þá sérfræðinga.

Umsækjendur geta einnig útilokað þá ytri sérfræðinga sem hafa gefið álit sitt á fyrri umsókn viðkomandi. Þegar ytra álit er sent umsækjanda fær hver ytri sérfræðingur kenninúmer. Þegar sótt er um aftur er hægt að gefa kenninúmerið upp. Þá verður ekki leitað til viðkomandi sérfræðings.

2.1.2 VANHÆFI

Ytri sérfræðingar eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir í Rannsóknasjóð. Til að fá aðgang að umsóknargögnum þarf ytri sérfræðingur fyrst að samþykkja trúnaðaryfirlýsingu og staðfesta að hann sé ekki vanhæfur til að fjalla um umsóknina.

2.2 YTRI SÉRFRÆÐINGAR — LEIÐBEININGAR

Matsblaði ytri sérfræðinga er skipt í fjóra hluta:

Umsókn

Hér er að finna sjálfa umsóknina, verkefnislýsingu og önnur fylgigögn nauðsynleg fyrir álitsergerðina.

Matsþættir

Hér er að finna þættina sem meta á. Mikilvægt er að gagnrýni sé skýr og mat uppbyggilegt. Hafa ber eftirfarandi í huga við mat á umsóknum:

Nýnæmi og áhrif verkefnisins

- Nýnæmi markmiðs, rannsóknaspurningar/tilgátu og nálgun.
- Möguleg áhrif verkefnis á fræðasviðið og samfélagið. Afurðir (svo sem vísindagreinar, bækur eða einkaleyfi).
- Kynningu niðurstaðna fyrir almenningi og hagsmunaaðilum.

Vísindaleg gæði og raunhæfi

- Vísindaleg gæði verkefnis.
- Er verkefnið ítarlegt t.d. í skilgreiningu á rannsóknaspurningu og hvernig eigi að svara henni? eru markmið skýr?
- Raunhæfi og mikilvægi verkefnis. Framkvæmd verkefnis, skipting í verkþætti, vörður og afurðir.

Verkefnisstjóri og aðrir þátttakendur

- Þekking, reynsla og hæfni verkefnisstjóra og annarra þátttakenda á fræðasviði verkefnisins.
- Reynsla af innlendu og erlendu samstarfi.
- Rannsóknarumhverfi, innviðir og aðföng.
- Skipurit verkefnisstjórnar og samhæfing verkefnis.
- Þáttur framhaldsnema.

Tafla 2 er höfð til hliðsjónar við tölulegt mat á hverjum þætti.

Flokkur	Umsögn
5 - Framúrskarandi	Framúrskarandi umsókn, nánast án veikleika
4 - Mjög gott	Mjög sterk umsókn, léttvægir veikleikar
3 - Gott	Sterk umsókn en minni háttar veikleikar
2 - Sæmilegt	Umsókn, með einn eða fleiri takmarkandi veikleika
1 - Áfátt	Veik umsókn með meiri háttar veikleika eða á ekki heima í þessum

Tafla 2. Styrkleikaflokkar ytra mats

Samantekt

Samantekt um styrkleika og veikleika umsóknar.

Staðfesting

Hér fara ytri sérfræðingar yfir texta álitsins og staðfesta. Umsögnin vistast þar með í gagnagrunn Rannís og verður aðgengileg fagráði. Eftir staðfestingu hafa ytri sérfræðingar ekki lengur aðgang að umsókninni.

